



Stjórnarfundur Félags prófessora við ríkisháskóla

16. fundur stjórnar 2022-2023 miðvikudaginn 3. maí 2023

kl. 15.00 – 16.30 á skrifstofu félagsins Bændahöllinni v/Hagatorg

Mætt: Pétur Henry Petersen formaður, Guðný Björk Eydal, Hólmfríður Garðarsdóttir, Ingibjörg Svala Jónsdóttir og Þóroddur Bjarnason.

Á Teams: Grétar Þór Eyþórsson og Ólafur Páll Jónsson.

Forföll: Engilbert Sigurðsson.

Lilja Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Kjarasamningar
2. Undirbúningur aðalfundar.
3. Önnur mál.

Fylgiskjöl með fundargerð:

1. Frá kjörnefnd: Eyðublað fyrir kynningar á framboðum.
2. Bókun formanns PFR um sameiningu akademísks starfsfólks í eitt félag - drög.

Pétur Henry Petersen formaður Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR) setti fundinn kl. 15.10.

1. Kjarasamningar.

Formaður skýrði frá stöðunni. Verið er að bjóða FPR sömu prósentuhækkun og öðrum félögum innan BHM með hámarki og er enginn vilji til að hnika því til. Formaður fór yfir fjölda félagsfólks sem lendir í þakinu og áhrif þess. Þá er lagt til að bæta við 2 flokkum í launatöflu félagsins.

Tvær bókanir eru komnar inn í samninginn. Önnur er um að greiningar verði gerðar á kostnaði vegna langskólanáms og er hún lögð fram sameiginlega af FPR, FH og FHA. Framkvæmd greiningarinnar verði á ábyrgð félagana. Hin bókunin er samkomulag BHM um verkáætlun til næstu mánaða í aðdraganda samnings til lengri tíma þar sem nú er verið að semja til skamms tíma. Þeirri vinnu á að ljúka 30. nóvember 2023.

Þóroddur kom kl. 15.30.

Ef samningar nást þarf að boða til kynningarfundar meðal félagsfólks um samninginn. Þá verði útbúin kynning um samninginn og sendur með fundarboði. Stefnt er að því að fundurinn verði rafrænn. Í framhaldi af fundinum verður efnt til kosninga um samninginn.

2. Undirbúningur aðalfundar.

Formaður ræddi undirbúning aðalfundar sem verður miðvikudaginn 24. maí.

Skýrsla stjórnar fyrir starfstímatilið er í vinnslu. Formaður varpaði upp glæru með hugmyndum að efni skýrslunnar.

Ingibjörg sagði frá starfi kjörnefndar. Kjörnefnd var með fund 26. apríl og fór yfir þau framboð sem bárust innan tilskilins frests. Næg framboð hafa borist í stjórn.

Engin framboð bárust í kjörnefnd. Þeir sem eru í kjörnefnd eru tilbúin að gefa kost á sér. Þá vantar skoðunarmenn reikninga. Kjörnefnd mun hafa samband við þá sem hafa verið það undanfarin ár og kanna hvort þeir gefi kost á sér.

Búið er að útbúa eyðublað fyrir framboð að fylla út sem kynningu á þeim. Kynningarnar verða sendar félagsfólki viku fyrir aðalfund ásamt öðrum fundargögnum.

Ákveðið var að fá aðstoð í tæknimálum ef kemur til kosninga um mál á aðalfundinum. Kosið verður rafrænt óháð því hvort fólk mætir á staðinn eða taki þátt á fundinum á netinu.

Hugmynd kom fram um fundarstjóra og verður haft samband við viðkomandi.

Samþykkt var að leggja til við aðalfund að félagsgjaldið verði áfram óbreytt, það er 0,8% af launum félagsfólks.

Hólmfríður fór kl. 16.40.

Ársreikningur 2022 er í vinnslu. Fyrstu drög liggja fyrir 12. maí. Fundur verður með skoðunarmönnum félagsins 15. maí. Ársreikningurinn verði kynntur og áritaður af stjórn 16. maí. Gjaldkeri mun kynna ársreikninginn á aðalfundinum.

Ályktanir aðalfundar. Ólafur og Guðný munu skrifa drög að ályktun stjórnar um húsnæðismálin.

3. Önnur mál.

a) Akademískt starfsfólk í eitt félag.

Formaður telur rétt að akademískt starfsfólk sameinist í eitt félag. Hann mun taka málið fyrir á næsta fundi og einnig á aðalfundi. Vill setja ferli af stað til ná fram því markmiði. Hann kynnti bókum sína þess efnis.

b) Aðalfundur BHM.

Aðalfundur BHM verður fimmtudaginn 25. maí kl. 10-16. Fimm fulltrúar frá FPR geta setið fundinn. Búið er að skrá formann, Hólmfríði, Guðnýju, Lilju og Sigrúnu Ólafsdóttur á fundinn.

c) Fundur norrænu háskólafélagana 12.-14. júní 2023.

Eftirtaldir eru skráðir á fundinn; Hólmfríður, Guðný, Lilja og Sigrún Ólafsdóttir.

d) Næsti stjórnarfundur.

Næsti stjórnarfundur verður þriðjudaginn 16. maí kl. 15.00-17.00.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 17.00.

Fundarritari: LÞ.